



ALLiES eGuide

Námskeið og þjálfun

Þjálfun starfsfólks og vinnuhópar miða að þátttöku starfsfólks og foreldra og eykur samskipti milli heimilis og skóla. Á sama tíma verður aukin vitund um kynjabundið ofbeldi og áhrif þess á velferð fjölskyldunnar.

Þjálfunin er ekki bara fyrir starfsfólk og foreldra “pilot” bekkjanna heldur getur það verið opið áhugasömum. Innihald námskeiðsins sem hér er sagt frá var skipulagt af Allies hópnum í Ítalíu. Upptökur af slíku námskeiði mætti gera aðgengilegar á veraldarvefnum.

Námskeiðið á að innihalda fjórar ráðstefnur um:

1) “Mikilvægi þess að þekkja eigin tilfinningar” með áherslu á þrjú atriði:

- Rannsóknarniðurstöður um áhrif tilfinninga á nám.
- Mikilvægi þess að foreldrar og kennarar geri sér grein fyrir áhrifum tilfinninga á lærdómsferli barna.
- Kennarar þurfa að kenna börnum að hugsa um eigin tilfinningar með verkefnum sem þau ráða við.

2) “Hlutverk kynjanna og samskipti: Staðalímyndir, einstaklingsmunur og breytileiki”

Aðalatriðin eru þessi:

- Staðalímyndir eru hluti af menningu, fólk gerir sér oft ekki grein fyrir þeim, misskilur þær og ruglar þeim saman við líffræðilegan mun á kynjunum.
- Viðurkenning á fjölbreytileika. Hinn fullkomni einstaklingur er ekki til og raunveruleg lífsgleði felst í að vera sáttur við sjálfan sig.

3) “Heimilisofbeldi”

Þrjú aðalviðfangsefni (tölurnar hér að neðan koma frá Ítalíu):

- Meira en 30% ítalskra kvenna verða fyrir ofbeldi (líkamlegu eða kynferðislegu)
- 94 % ofbeldismanna voru þolendur sjálfir eða urðu vitni að því.
- Fyrir hvert tilfelli sem er skráð eða kært eru tíu óskráð. Þetta er vandamál sem kallar á kerfisbreytingu. Engum ætti að vera þetta mál óviðkomandi, þetta er ekki mál kvenna, ekki karla. Þetta er samfélagsmeið sem þarf að uppræta.
- Við þurfum að leysa nán sambönd undan valdaátökum og stöðuvaldi. Við ættum ekki að fórna sjálfstæðum vilja okkar og frelsi fyrir það öryggi sem fylgir því að vera í sambandi.



4) "Ofbeldi og einelti: Viðurkenning og forvarnir"

- Það var áhugavert að glíma við þetta viðfangsefni frá sjónarhorni leikskólabarna.
- Frásagnir og myndbönd með skýrum dæmum auðvelda börnum og foreldrum að rýna í aðstæður.

Innihald:

- Einelti er félagslegt fyrirbæri sem hægt er að vinna bug á en eykst þegar ákafi ríkir.
- Hægt er að koma auga á kynjabundinn hegðunarmun í eineltismálum. Drengirnir beita frekar ofbeldi en stúlkurnar beita félagsþrýstingi og útilokun. Hins vegar er mikilvægt að gera sér grein fyrir að bæði kyn beita báðum aðferðum.
- Einelti í gegnum vefmiðla hefur aukist, sérstaklega á samskiptamiðlum.
- Það er mikilvægt fyrir fjölskyldur og skóla að láta sig samskipti og þátttöku barna varða í ákvörðunum fjölskyldunnar eða bekkjarins. Afskiptaleyfi er áhrifamesti þáttur í aukinni tíðni eineltis.